



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Bach og Beethoven

19. september 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Dardanus hljómsveitarsvíta: 34'00"

Fíðlukonsert í a-moll: 14'00"

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr: 45'00"

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Bach og Beethoven

Fim. 19. sept. » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Jonathan Gandelsman einleikari

Jean-Philippe Rameau

úts. McGegan

Dardanus hljómsveitarsvíta (1739/úts. 2001)

Ouverture

Tambourins

Air vif

Air

Air gay en Rondeau

Tambourins

Sommeil

Chaconne

Johann Sebastian Bach

Fiðlukonsert í a-moll, BWV 1041 (um 1720)

Allegro

Andante

Allegro assai

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3 í Es-dúr, op. 55 (1804)

Allegro con brio

Marcia funèbre: Adagio assai

Scherzo: Allegro vivace

Finale: Allegro molto – Poco andante – Presto

Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri



Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, hóf feril sinn sem hljómsveitarstjóri 19 ára gamall. Eftir nám við Konunglega tónlistarháskólann í London gegndi hann stöðu aðalhljómsveitarstjóra Æskuhljóm-sveitar Fílharmóníusveitarinnar í London og aðstoðarhljóm-sveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Boston. Árið 2003 var Volkov ráðinn aðalhljómsveitarstjóri BBC hljómsveitarinnar í Skotlandi og tók við stöðu aðalgestastjórnanda hjá hljóm-sveitinni 2009. Ilan Volkov tók við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011.

Volkov er tíður gestur leiðandi hljómsveita eins og Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Ísrael, Þjóðarhljómsveitarinnar í Washington, Orchestre de Paris, Sinfóníuhljómsveitar BBC, Sinfóníuhljómsveitar Birmingham, SWR sinfóníuhljómsveitarinnar í Freiburg og Ensemble Modern. Volkov er einnig mikilsvirkur á óperusviðinu og hefur stjórnað *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna, *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse og *Kastala Bláskeggs* eftir Bartók við óperuna í Ísrael.

Margar af upptökum Volkovs fyrir Hyperion-útgáfuna hafa hlotið lofsamlega dóma. Má þar nefna tvo diska með ballettónlist Stravinskíjs, þrjú *Jarðarfaraþjóð* eftir Liszt með BBC sinfóníuhljómsveitinni í Skotlandi og hljóðritun á heildarverkum Benjamins Britten fyrir hljómsveit og píanó með Steven Osborne sem hlaut Gramophone-verðlaunin. Samtímatónlist er Ilan Volkov hugleikin og hlaut tónlistarhátíðin Tectonics, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt í fyrsta sinn í mars 2012 undir listrænni stjórn Volkovs, hvarvetna frábæra dóma. Árið 2013 var Tectonics tónlistarhátíðin haldin í Reykjavík með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Glasgow með Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi.

Jonathan Gandelsman

einleikari



Jonathan Gandelsman, verðlaunahafi Kreisler-fiðlukeppninnar og Menuhin-keppninnar, er einn eftirtektarverðasti fiðluleikari yngri kynslóðarinnar. Hann er ákafur talsmaður lista án landamæra og meðlimur í Silk Road tónlistarhópnum, einum áhugaverðasta tónlistarhópi samtímans. Hópurinn var tilnefndur til Grammy-verðlaunanna 2011 fyrir bestu klassísku „crossover“ plötuna *Off the Map*. Gandelsman er einn stofnenda Brooklyn Rider strengjakvartettsins sem gagnrýnendur hafa hlaðið lofi. Árið 2008 kom út upptakan *Silent City* með Brooklyn Rider í samvinnu við Kayhan Kalhor hjá útgáfufyrirtækinu World Village/Harmonia Mundi sem var valin ein besta plata áratugarins á Rhapsody.com.

Gandelsman hefur leikið með þekktum listamönnum á borð við Yo Yo Ma, Bono, Suzanne Vega, James Levine, Nigel Kennedy og Osvaldo Golijov og starfað með hljómsveitarstjórunum David Zinman, Zubin Mehta, Yehudi Menuhin, Schlomo Mintz og Daniel Oren svo fáeinir séu nefndir. Gandelsman hefur meðal annars komið fram sem einleikari með filharmóníusveitum New York og Ísrael, Chicago sinfóníuhljómsveitinni, Vínarsinfóníunni, hljómsveit Þýsku óperunnar, Pólsku útvarps-hljómsveitinni og Sinfóníuhljómsveit Jerúsalem. Gandelsman heldur reglulega einleikstónleika víða um lönd og hefur meðal annars komið fram á Verbier og Cuernavaca tónlistarhátíðunum og útvarpshátíðinni í Montpellier.

Gandelsman fæddist í Rússlandi en flutti til Bandaríkjanna 1995. Hann nam hjá Mayu Glezarovu, Felix Andrievsky og Schlomo Mintz og stundaði nám við Curtis tónlistarskólann í Fíladelfíu þar sem hann naut leiðsagnar Jaschas Brodsky og Arnolds Steinhardt.

Jean-Philippe Rameau

Dardanus hljómsveitarsvíta



Óperan *Dardanus* (tragédie lyrique) var færð upp í Parísar-óperunni síðla árs 1739 en fáar af óperum Rameaus (1683-1764) höfðu vakið upp jafn mikla eftirvæntingu. Allir, að því er virtist, höfðu skoðanir á gildi óperunnar, skoðanir sem flestar voru neikvæðar. Slík skoðanaskipti og ágreiningur telst varla til tíðinda þar sem hatrammar deilur fylgismanna Jean-Baptiste Lully (1632-1687) (Lullistes) og Rameaus (Ramistes) stóðu sem hæst þegar óperan *Dardanus* var sett á svið. Deilurnar hófust sex árum áður þegar Rameau, sem þá stóð á fimmtugu, kom fram á sjónarsviðið með fyrstu óperu sína *Hippolyte et Aricie* (1733). Í óperunni kvað við tón breytinga í franskri tónlist og má þar telja skrif tónskáldsins fyrir aðra fiðlu og víolu sem sjálfstæðar raddir og notkun blásturshljóðfæra í þörum til stuðnings við strengina. *Hippolyte et Aricie* heillaði frjálslyndari óperugesti en hreyfði illa við og hneykslaði marga aðra sem töldu stíl Rameaus ógna þeirri hefð sem Jean-Baptiste Lully hafði skapað franskri óperu.

Tónlistin á Íslandi

Dardanus-svítan er nú flutt í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Verk eftir Rameau hafa verið fremur fátíðir gestir á tónleikum hljómsveitarinnar en þó má geta þess að fyrrum aðalhljómsveitarstjóri sveitarinnar Jean-Pierre Jacquillat stjórnaði *Les Indes galantes*, svítu nr. 2 á kammertónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Gamla bíói 1984.

Eftir fyrstu 26 sýningarnar á *Dardanus* hafði óperan einungis notið takmarkaðra vinsælda þó stuðningsmenn Rameaus flykkust á allar sýningar til að tryggja að óperan væri flutt sem oftast. Skorti á vinsældum var skellt á lífbrettóið sem þótti sundurlaust og of yfirnáttúrulegt. Saga óperunnar þótti ekki fylgja nema að litlu leyti grísku goðsögninni um Dardanus, son Júpíters og Elektru, stofnanda Trójuborgar sem síðar kvæntist Ífisi, dóttur frýgísku konungsins Tevkrusar. Einn af gagnrýnendum þess tíma komst svo að orði um tónlist óperunnar: „Áheyrndur voru sem steingerðir af ríkulegum hljómagangi tónlistarinnar en magn hennar var svo mikið að í heila þrjá tíma hafði hljómsveitin ekki svo mikið sem andrými til að hnerra.“ Óperan var endurgerð með gagngerum breytingum á söguþræði og tónlist árin 1744 og 1760. Með lokaútgáfunni 1760 var *Dardanus* með réttu talin til öndvegis óperuafreka tónskáldsins. Tónlistin í *Dardanus* þykir með kraftmestu og innblásnustu tónsmíðum Rameaus og hentar

vel til tónleikauppfærslu vegna fjölda hljómsveitarþátta. Í Frakklandi var venjubundið að hafa ríkulegt magn dansa í sviðsuppfærslum svokallaðra *tragédie lyriques* og *opéra-ballets*. Hvergi liggur meira magn dansa eftir Rameau en í *Dardanusi* og má til samanburðar geta þess að í *Amadis* (1684) eftir Lully má finna 13 dansa, í *Tancredi* (1702) eftir Campra eru dansarnir 23 en í endurgerð *Dardanusi* frá 1744 er fjöldi dansa 30. Engin upprunaleg dansspor hafa varðveist úr ballettum Rameaus.

Á tímum tónskáldsins hafði skapast sú hefð að taka saman bestu ballettþættina ásamt forleik óperunnar og setja saman í hljómsveitarsvítu til flutnings í tónleikasal. Balletttónlistin úr *Dardanusi* er sérlega litrík ekki einungis hvað hljóðfæraval varðar heldur einnig hrynn, laglínu og hljómagang. Forleikurinn er klassískur franskur forleikur þess tíma sem hefst á hægum kafla með mikilfenglegri tónlist og punkteruðum hrynn sem síðar lifnar yfir í hraða og fjöri. Fyrri *Tambourin*-þættir svítunnar koma fyrir í inngangi óperunnar, þar sem dauðlegar verur votta ástarguðinum Kúpid virðingu sína með dansi. Í seinni *Tambourin*-þáttum svítunnar kemur fyrir ein af eftirminnilegustu laglínunum óperunnar þar sem áberandi piccolóflauturödd er teflt fram sem andstæðu við fíngerðan og kyrrlátan óskapátt allra franskra ópera svokölluðu *Sommeil*, sem minnir einna helst á vögguljóð. Óperunni sem og svítunni lýkur svo á *Chaconne*-þætti þar sem snilli Rameaus rís hæst í litríkri hljómsveitarútsetningunni.

Dardanus-svítan sem leikin er á tónleikum kvöldsins var gefin út árið 2001 og útsett fyrir nútíma hljómsveit af breska stjórnandanum, flautu- og semballeikaranum Nicholas McGegan.

Johann Sebastian Bach

Fiðlukonsert í a-moll, BWV 1041



Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert í a-moll BWV 1041 var fyrst fluttur af Sinfóníu-hljómsveit Íslands árið 1966 á fjölskyldutónleikum í Háskólabíói undir stjórn Igos Buketoff. Einleikari í konsertinum var Hlíf Sigurjónsdóttir, þá 11 ára gömul. Meðal annarra sem fluttu hafa konsertinn með Hljómsveitinni eru György Pauk (1976) og Jaime Laredo sem stjórnaði og flutti konsertinn á kammertónleikum sveitarinnar í Bústaðakirkju 1985. Sigurbjörn Bernharðsson hljóðritaði konsertinn með SÍ undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar árið 1999.

Johann Sebastian Bach (1685-1750) heyrir í tónlistarsögulegu-tilliti fremur til þess hóps sem þróaði og fullkomnaði tónlistarform þess tíma en hinna sem stunduðu tilrauna-starfsemi og nýsköpun. Nýir tónlistarstílar og straumar samtímans vöktu jafnan óskipta forvitni tónskáldsins, formgerðir sem hann tileinkaði sér og færði til fullkomunar með sterkum höfundareinkennum. Þegar Bach starfaði við hirð Leopolds prins í Köthen 1717-1723 gafst honum tækifæri til að einbeita sér að hljóðfæratónlist og frá því tímabili eru meðal annarra verka *Brandenborgarkonsertanir* og svitur fyrir einleikshljóðfæri. Talið er að Bach hafi einnig samið einleikskonserta sína fyrir fiðlu í Köthen. Fræðimenn hafa þó bent á að konsertarnir gætu átt uppruna sinn frá því um 1730 þegar Bach gegndi stöðu stjórnanda Collegium Musicum í Leipzig. Það er engum vafa undirorpið að umritanir Bachs á fiðlukonsertunum fyrir hljómborð eru frá Leipzig-árunum þar sem a-moll fiðlukonsertinn var umritaður sem konsert fyrir sembal í g-moll og E-dúr fiðlukonsertinn umskrifaður sem konsert fyrir sembal í D-dúr. Bach var undir ítölskum áhrifum þegar hann samdi hinn undurfallega fiðlukonsert í a-moll. Ítalir lögðu mikið upp úr andstæðunum á milli einleiksradarinnar og hljómsveitar með ólíkum laglínunum og hendingum og ýttu undir keppni á milli þessara tveggja hljóðheima sem að sama skapi krafði einleikarann um aukin virtúósatilþrif. Bach á hinn bóginn lagði minni áherslu á að skilin væru skörp á milli þessara hópa þar sem einleikarinn og hljómsveitin léku meira af samlyndi en kappi. Konsertinn í a-moll er því einkar áferðarfagur þar sem raddir hljómsveitar og einleikara eru ofnar saman á fingerðan hátt. Upphafso- og lokapáttur konsertsins er öllu alvarlegri og þéttari í kontrapunktiskri uppbyggingu en hægferðugur *Andante*-þátturinn, annar þáttur konsertsins. *Andante*-þátturinn er áhrifamikill þar sem laglínun, sem litast sterkt af ómstríðum og skrauti, er þungamiðja þáttarins - algjör andstæða við dansandi lokapáttinn, gikk, sem krefur einleikarann um stigmagnandi virtúósatilþrif.

Hjördís Ástráðsdóttir

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 3 „Eroica“



Tónlistin á Íslandi

Fílharmoníuhljómsveit Hamborgar lék 3. sínfóníu Beethovens á tónleikum í Dómkirkjunni í júní 1926 undir stjórn Jóns Leifs. Sínfóníuhljómsveit Íslands lék sínfóníuna á fyrsta starfsári sínu, í Þjóðleikhúsinu í desember 1950 undir stjórn Hermanns Hildebrandt. Síðan hefur hljómsveitin flutt hana margoft, m.a. undir stjórn George Cleve (1971), Lawrence Renes (2007), Robert Spano (2009) og Hannu Lintu (2011). Sínfóníuhljómsveit Norðurlands flutti sínfóníuna árið 2002 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar.

Í maí 1804 tilkynnti franska þingið að Napóleón hefði verið gefin keisaranafnbót. Atburðirnir voru reiðarslag fyrir þá sem höfðu trúað á fyrirheit frönsku byltingarinnar um jafnrétti og bræðralag meðal manna. Meðal þeirra sem misstu trúna á Napóleón í kjölfar þessara atburða var Ludwig van Beethoven, sem hafði einmitt nýlokið við sínfóníu til heiðurs franska konsúlnum. Beethoven var svo misboðið að hann stríkaði út tileinkun sínfóníunnar – „*intitolata Bonaparte*“ – með slíku offorsi að hann gerði gat á titilsíðu handritsins. Í staðinn kom yfirskriftn „*Sinfonia eroica per festeggiar il suo venire d'un gran uomo*“ eða „Hetjuhljómkvíða – samin í minningu mikilmennis.“ Aldrei hafði áður heyrst þvílík djörfung í hljómaðali, formi eða tímallengd. *Eroica* er allt að því helmingi lengri en fólk var vant og fyrsti þátturinn einn og sér er á við heila Haydn-sínfóníu af eldri gerðinni. Sínfónían var frumflutt á heimili Lobkowitz prins, sem var mikill velgjörðarmaður Beethovens, en fyrsti opinberi flutningurinn fór fram í apríl 1805 í Theater an der Wien undir stjórn tónskáldsins. Þótt hugsjónir frönsku byltingarinnar væru flestum gleymdar var músíkbylting Beethovens rétt að byrja. *Eroica* hefst með tveimur mikilfenglegum hljómunum sem gefa til kynna hverjar áherslurnar verða. Sellóin leika upphafsstefið, lagræna hendingu sem spunnin er út frá tónum Es-dúr hljómsins. Ekki líður þó á löngu þar til stefið lendir á óvæntum slóðum og í kjölfarið taka að spretta upp ýmsir fyrirboðar þess sem koma skal: rytmísk togstreita í strengjum, óvænt styrkleikabrigði og beittir, ómstríðir hljómar.

Eroica er sínfónía hins óvænta. Það líður heldur ekki á löngu þar til taktfestan sem Beethoven gaf til kynna með upphafshljómnum tveimur er fokin út í veður og vind. Á tímabili er engu líkara en að taktstrikin séu hreinlega horfin, eða að minnsta kosti rækilega færð til. Beethoven breytir þrískipta taktinum í tvískiptan þar til maður veit varla hvað

snýr upp eða niður. Í úrvinnslunni kemur Beethoven okkur stöðugt á óvart, ekki síst með því að hægja á hljómskiptunum svo um munar, og hlaða ómstríðum hverri ofan á aðra svo að margt virðist enn nýstárlegt þótt meira en tvö hundruð ár séu liðin frá smíði verksins. Enn leikur Beethoven sér með væntingar hlustandans; á meðan flest hljóðfærin eru enn að undirbúa endurkomu upphafsstefsins leikur fyrsta horn aðalstefið í heimatóntegundinni. Útkoman er vægast sagt sérkennileg. Engu líkara er en að hornið hafi komið inn of snemma, enda hrópaði einn uppáhaldsnemandi Beethovens, Ferdinand Ries, upp yfir sig þegar sínfónían var flutt í fyrsta sinn: „Fjárans hornleikarinn! Kann hann ekki að telja?“

Annar þáttur sínfóníunnar er útfararmars í c-moll sem hefst með tregafullri hendingu í dempuðum strengjum. Þetta er viðamikill kafli og Beethoven teflir fram dramatískum andstæðum. Um skeið er tónlistin komin í bjartan dúr, með ljúfu óbóstefi sem leiðir inn í mikilfenglegan *forte*-kafla með pákum og trompetum áður en útfarartónlistin snýr aftur. Stundum er engu líkara en að treginn sé við það að bera tónlistina ofurliði. Í lokin heyrast upphafsstefið í molum; fiðlurnar standa eftir einar og óstuddar, en kontrabassarnir styðja við með plokki á stöku stað. Þótt *scherzo*-þátturinn hefjist á veikunótunum er hann fullur af lífi og fjöri. Í *Eroicu* er lokaþátturinn hápunktur verksins í heild og leysir um alla þá spennu sem hefur safnast upp í fyrri köflum. Þátturinn samanstendur af tilbrigðum um stef sem Beethoven hafði samið um 1801. Stefið er ofureinfalt en hentar vel til margvíslegra umbreytinga sem Beethoven nýtir sér til hins ítrasta, m.a. með virtúósavariásjón fyrir fiðlur og flautu, litríkum sígaunadansi í g-moll og sálmalagastemningu í tréblásurum. Tignarlegir lokataktarnir vísa aftur til upphafs-hljómanna tveggja í fyrsta kafla nema nú eru hljómanir mun fleiri, enda ekki vanþörf á eftir jafnævintýrlegt ferðalag.

Árni Heimir Ingólfsson

Hljómsveit á tónleikum

19. september 2013

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Andrzej Kleina
Rósa Guðmundsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Greta Guðnadóttir
Greta Salome Stefánsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jólésson

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

PÁKUR / SLAGVERK

Frank Aarnink

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálagulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigbór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eybórsdóttir mannaútsstjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi

Góð upphitun fyrir tónleika kvöldsins

Opin tónleikakynning á Hörpuhorni á 2. hæð fyrir framan Eldborg

Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands býður upp á 14 tónleikakynningar á starfsárinu. Hörpuhornið opnar á tónleikadegi kl. 18:00 og geta gestir keypt sér súpu og brauð.

Kynningin hefst kl. 18:20 og stendur yfir í 30 mínútur, áhugasömum að kostnaðarlausu.

Vínafélagið er öllum opið sem vilja styðja við bakið á hljómsveitinni. Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á vinafelag@sinfonia.is. Árgjaldið er 3.000 kr.



Gula röðin – kynningar

Rosdestvenskij snýr aftur

Fim. 10. okt. 2013

Austrænrir tónar

Fim. 21. nóv. 2013

Víkingur leikur Brahms

Fim. 23. jan. 2014

Fimmta Beethovens

Fim. 27. mars 2014

Landsýn

Fim. 13. júní 2014

Rauða röðin – kynningar

Upphafstónleikar

Fim. 5. sept. 2013

Dvorák og Strauss

Fim. 3. okt. 2013

Bartók og Schumann

Fim. 14. nóv. 2013

Midori leikur Mendelssohn

Fim. 6. mars 2014

Ashkenazy og Ólafur Kjartan

Fim. 8. maí 2014

Græna röðin – kynningar

Bach og Beethoven

Fim. 19. sept. 2013

Fiðlukonsert og hirðdansar

Fim. 24. okt. 2013

Kvöldstund með Mozart

Fim. 20. mars 2014

Prats leikur Tsjajkovskij

Fim. 15. maí 2014